

2. janúar 1992.

Til Útvarpsráðs,  
c/o Halldóra Rafnar, formaður.

Efni: Viðræður við fulltrúa stjórnmaflokka í Ríkisútvarpinu  
á gamlársdag.


Þingflokkur Kvinnalistsans vill vekja athygli útvarpsráðs á útvarpsþætti RÚV úr Perlunni á gamlársdag. Yfirgnæfandi meiri hluti þátttakenda var karlkyns og er það raunar í samræmi við hefðbundið fréttamat sem hægt gengur að breyta. Þar sem konur áttu sjálfsgöðan sess komu þær ekki heldur við sögu. Svokölluðum landsfeðrum var boðið að taka þátt í almennri stjórnmaíaumræðu en Kvinnalistanum, einum flokka á Alþingi, var ekki boðið að senda fulltrúa. Þetta stríðir gegn faglefum vinnubrögðum og er að okkar mati gróft brot á reglum Ríkisútvarpsins um óhlutdrægni.

Erfitt er að trúa því að það hafi verið markmið hjá stjórnendum þáttarins að útiloka Kvinnalistanum frá umræðunum en þó kemur það óneitanlega upp í hugann þar sem Kvinnalistanum var ekki heldur boðin þátttaka í stjórnmaíaumræðum í Ríkisútvarpinu á gamlársdag 1990. Það er umhugsunarefni fyrir útvarpsráð og starfsmenn RÚV að í hliðstæðum dagskrám einkastöðvanna á gamlársdag áttu allir flokkar á Alþingi fulltrúa.

Þingflokkur Kvinnalistsans óskar eftir því að málið verði tekið fyrir í útvarpsráði og lagt verði mat á þessi vinnubrögð með tilliti til 15. greinar útvarpslaga en þar segir m.a.: „Ríkisútvarpið skal halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi til orðs og skoðana. Það skal gæta fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð.“

Við væntum svars við fyrstu hentugleika þar sem fram komi afstaða útvarpsráðs til þessa máls.

F.h. þingflokks Kvinnalistsans,

  
Anna Ólafsdóttir Björnsson, formaður.

Afrit sent til:

Heimis Steinssonar, útvarpsstjóra  
Stefáns Jóns Hafsteins, dagskrárstjóra  
Fjölmiðla

ÞINGFLOKKUR SAMTAKA UM KVENNALISTA

05.4

Samtök fiskvinnslustöðva  
Austurstræti 18  
Reykjavík.

16. september 1992

Samtök fiskvinnslustöðva auglýsa nú aðalfund sinn næstkomandi föstudag á Akranesi.

Vonandi endurspeglar dagskráin ekki mat samtakanna á framlagi kvenna til þeirrar mikilvægu greinar sjávarútvegsins sem fiskvinnslan er.

Engin kona er þar kölluð til framsögu, og í pallborði um framtíð íslenskrar fiskvinnslu sitja aðeins karlkyns fulltrúar gömlu stjórnmalaflokkanna. Samtök um kvennalista eru sniðgengin og þar með fylgjendur þeirra sjónarmiða, sem þau eru fulltrúar fyrir.

Samtök fiskvinnslustöðva virðast því ekki meta mikils eða gera sér grein fyrir, að það eru að miklum meiri hluta konur, sem með hörðum höndum og gífurlegu vinnuálagi bera uppi íslenska fiskvinnslu.

Með ósk um góðan fund og hugarfarsbreytingu hið fyrsta,

Þingflokkur Kvennalistans.